

## Liðveitandi/liðveitendur óskast

Félagspjónusta Norðurlands óskar eftir liðveitanda/liðveitendum fyrir tvo unga drengi sem búsettir eru á Þórshöfn.

Viðkomandi þarf að vera 18 ára eða eldri.

Um er að ræða 12 tíma í mánuði eftir samkomulagi fyrir hvorn dreng.

Frekari upplýsingar veitir Sigríður Hauksdóttir verkefnastjóri virkni hjá Norðurlandi í síma 464-6100 eða á netfanginu siggahauks@nordurthing.is

## Frá Raufarhafnarkirkju

Almenn guðspjónusta verður í kirkjunni á allra heilagra messu, sunnudaginn 6. nóvember n.k. kl. 14.00. Kór kirkjunnar leiðir söng undir stjórn Stefaníu Sigurgeirsdóttur.

Heitt á könnunni í safnaðarheimilinu að guðspjónustu lokinni.

Verið öll velkomin !

Sóknarprestur og sóknarnefnd.

## Skegla

**Skegla** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skegla@simnet.is](mailto:skegla@simnet.is) eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skegla kemur næst út miðvikudaginn 9. nóvember 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni  
43. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 2. nóvember 2016

## Fundur um fuglaskoðunarskýli á Norðausturlandi

Fuglastígur á Norðausturlandi hefur undanfarin misseri verið í samstarfi við arkitektastofuna Biotope frá Norður-Noregi sem hefur sérhæft sig í hönnun innviða til fuglaskoðunar. Í samstarfi við heimafólk hafa þau safnað gögnun til greiningar á hvar sé heppilegt að setja upp aðstöðu til að skoða/ljósmýnda fugla á svæðinu.

Mánudaginn 7. nóvember nk. mun Biotope kynna þessa vinnu, ásamt frumteikningum þeirra af fuglaskoðunarskýlum fyrir útvalda staði, í Þórsveri á Þórshöfn, kl. 17:00. Umræður á eftir.

Allt áhugafólk um fuglaskoðun og fuglatengda ferðapjónustu er hvatt til að mæta.

Fuglastígur á Norðausturlandi





# Sólargeislar í skammdegi,

tónleikar í skólahúsinu á Kópaskeri  
sunnudaginn 6. nóvember kl. 15:00

## Ertu með sykursýki?

Nú gefst þér tækifæri til að athuga það.

Á Þórshöfn 5.nóv. í Dvalarheimilinu Nausti. kl. 10-12

Á Raufarhöfn 5.nóv. í Dvalarheimilinu Vík. kl. 13-15

Á Kópaskeri 5.nóv í Stórumörk. kl.16-18

Lionsklúbbur Húsavíkur býður öllum Íbúum í Norðurþingi og  
Langanesbyggð, ókeypis blóðsykurs- og  
blóðþrýstingsmælingu,  
á ofangreindum stöðum.

Starfsmenn frá HSN verða á staðnum og framkvæma  
mælinguna, **þú færð niðurstöðuna strax.**

Lionsmenn bjóða upp á kaffi og með því eftir mælingu.

Líttu inn og athugaðu hvort líkur séu á því, að þú sért með  
sjúkdóm sem hægt að halda niðri með rétttri meðhöndlun.



Lionsklúbbur Húsavíkur



Valgerður Guðnadóttir, söngur  
Helga Laufey Finnbogadóttir, píanó

Á efnisskránni verða falleg og fjörug lög fyrir alla fjölskylduna, allt frá  
Disney (Pocahontas, Litla hafmeyjan og Mulan) til söngleikja, dægurlaga  
og jass.

Það er mikill fengur að því að fá þessa gesti til okkar og hvetjum við unga  
sem aldna til að koma og njóta afar spennandi tónleika með okkur.

Miðaverð er kr 1.500 en ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri.

*Því miður er ekki hægt að taka á móti greiðslu með kortum.*

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Flygilvina,

*Enn af tónelsku fólki,*

sem styrkt er af

Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRÁ

*Flygilvinir – tónlistarfélag við Öxarfjörð*